



**Alþingi**  
**Erindi nr. P 140/2644**  
**komudagur 25.5.2012**

25. maí 2012  
SI-84287

Nefndasvið Alþingis  
nefndasvid@althingi.is  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 161/2002, lög um fjármálafyrirtæki (sparisjóðir) 762. mál.

Með tölvupósti dags. 15. maí sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Fram kemur í athugasemdum við frumvarpið að meginbreytingar séu nokkrar. Að starfsheimildir sparisjóða verði takmarkaðar þannig að þeir fái fyrst og fremst við inn- og útlánastarfsemi. Að rekstur sparisjóðs geti verið í höndum hlutafélags eða sjálfseignarstofnunar. Að sparisjóðir geti breytt rekstrarformi sínu úr því að vera sjálfseignarstofnun yfir í hlutafélag. Að til þess að fjármálafyrirtæki geti talist sparisjóður þurfi það að hafa skilgreind samfélagsleg markmið í samþykktum sínum og ráðstafa árlega að lágmarki tilteknum hundraðshluta tekna sinna til þeirra málefna. Að auki þá eru möguleikar sparisjóða sem eru sjálfseignarstofnanir til samruna og yfirtöku auknir og skýrðir.

Seðlabankinn telur meginbreytinguna vera fölgna í því að starfsleyfi sparisjóða sé þrengt. Áður voru sparisjóðir fyrst og fremst aðgreinanlegir frá viðskiptabönkum vegna rekstrarformsins en voru að öðru leyti með sama starfsleyfi og viðskiptabankar. Í frumvarpi þessu er rekstrarformið útvíkkað og geta sparisjóðir nú verið hlutafélög. Á sama tíma er starfsleyfi sparisjóða þrengt og er þeim þannig ekki heimilt að stunda fjárfestingabankastarfsemi, svo sem að stunda viðskipti með verðbréf og erlendan gjaldeyri fyrir eigin reikning eða fyrir viðskiptavini. Seðlabankinn telur til mikilla bóta að starfsemi sparisjóða sé skilgreind út frá starfseminni fremur en rekstrarforminu eins og áður var gert og að sparisjóðirnir hafi einfaldari starfsemi en viðskiptabankar.

Hlutafélaga rekstrarformið getur gert sparisjóðunum auðveldara fyrir með að leita eftir aukningu á eigin fé sem er jákvætt.

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins þá gerir Seðlabankinn sérstaklega athugasemd við 4. gr. (ný 63. gr.). Í ákvæðinu er kveðið á um að sparisjóður skuli ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs fyrir skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu og að ráðherra sá sem fer með málefni fjármálamarkaðar geti gefið út reglugerð til nánari skýringa á því hvað teljast samfélagsleg verkefni samkvæmt þessari grein. Seðlabankinn leggur til eftirfarandi breytingu:

„Sparisjóður skal ráðstafa að lágmarki 5% af hagnaði liðins árs *eftir* skatt til samfélagslegra verkefna á starfssvæði sínu *að því gefnu að eiginfjárstaða sjóðsins sé nægjanlega sterk. Fjármálaeftirlitið* setur nánari reglur um heimild til útgreiðslu hagnaðar“ Reglur fjármálaeftirlitsis gætu verið í þá veru að sparisjóður skuli ekki greiða út hagnað nema eiginfjárhlutfallið sé nægilega mikið yfir lögbundnu lágmarki, en óeðlilegt er að sparisjóður greiði út þennan hagnað til samfélagslegra verkefna sé eiginfjárstaðan veik.

Að öðru leyti gerir Seðlabankinn ekki athugasemdir við frumvarp þetta og styður framgang þess.

Virðingarfyllt,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS



Arnór Sigvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri



Sigríður Benediktsdóttir  
framkvæmdastjóri